

FW: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Almennur póstur
Heiti : FW: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta
Málsnúmer : 2020090041
Málsaðili : Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skráð dags : 11.09.2020 09:20:39
Höfundur : Almennur póstur

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 – tinnaolafs@isafjordur.is

From: Jón Þrándur Stefánsson

Sent: föstudagur, 11. september 2020 09:09

To: skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; borg@eldhorn.is; sfk@sfk.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; djupivogur@djupivogur.is; afgreidsla@hornafjordur.is; radhus@arborg.is; olfus@olfus.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; skrifstofa@vogar.is; snb@snb.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; talknafjordur@talknafjordur.is; Ísafjarðarbær ; bolungarvik@bolungarvik.is; sudavik@sudavik.is; strandabyggd@strandabyggd.is; drangsnæs@drangsnæs.is; arneshreppur@arneshreppur.is; skrifstofa@hunathing.is; blonduos@blonduos.is; skagastrond@skagastrond.is; skagafjordur@skagafjordur.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; akureyri@akureyri.is; sveitarstjori@grenivik.is; nordurthing@nordurthing.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is

Cc: Fiskistofa

Subject: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta

Tilvísun í mál: ANR20090157

Samkvæmt reglugerð nr. 731/2020, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2020/2021, skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úthluta aflamarki sem nemur allt að 4.617 þorskígildistonnunum af botnfiski til að ráðstafa til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Að svo stöddu er ekki ljóst hvernig skipting byggðakvóta til byggðarlaga verður en útreikningur á aflaheimildum til byggðarlaga mun grundvallast á 4. gr. áðurnefndrar reglugerðar. Bent skal á að breytingar verða á úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga frá því sem var á fiskveiðiárinu 2019/2020 þar sem heildarárástöfun skerðist sem nemur 757 þorskígildistonnunum og því mega byggðarlög búast við því að byggðakvóti byggðarlaga skerðist frá því sem var á fiskveiðiárinu 2019/2020 eða falli jafnvel niður.

Sú breyting er gerð á umsóknarferli frá fyrra ári að ekki er þörf á að sveitarstjórnir sækja sérstaklega um byggðakvóta heldur mun ráðuneytið tilkynna sveitarstjórnnum hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags sem undir þær falla þegar sú skipting liggur fyrir. Reiknað er með tilkynning úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2020/2021 verði send til sveitarstjórna fyrir lok októbermánaðar.

Reglugerð nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2020/2021, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur þeirra reglna sem fram koma í nefndri reglugerð er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað hafa afla þar, fái hlut í byggðakvóta sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórna að vikið sé frá almennum reglum samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði lögð er séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og

atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, ef reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvóta er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi.

Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins **eigi síðar en 15. október 2020. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.** Með vísan til þess að þar sem úthlutun liggur ekki fyrir mun ráðuneytið hafa samband við hluteigandi sveitarstjórnir í þeim tilvikum ef að mati ráðuneytisins þörf verður á verulegum breytingum á tillögum sveitarstjórna í kjölfar till kynningar um úthlutun. Að óbreyttu er stefnt að því að málsmeðferð ráðuneytisins vegna tillagna sveitarstjórna verði lokið samhliða úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga.

Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Specialist

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis / Department of Fisheries and Aquaculture
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation

Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9700 .

www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing